




ORKUSTOFNUN

Varmahlíð, Seyluhreppi, Hóla VH-10

Guðmundur Ómar Friðleifsson

Greinargerð GÓF-97-03

**VARMAHLÍÐ
SEYLUHREPPI
HOLA VH-10**



Holan er boruð í hraunlagastafla eins og vænta mátti, og eru hraunlögin úr fremur grófkorna basalti. Hraunlögin eru aðskilin af kargalögum eða setlögum. Setlögin eru óvenju mörg í þessari 117 m djúpu holu, og fremur þykk. Þannig er a.m.k. 4 m þykkt marglitt setlag milli 4-8 m, 6 m þykkt set milli 16-20 m, 2 m set í 44 m dýpi, 6 m ljósbrúnt set frá 56-60, og síðan 20 m þykkt gjallkennt lag frá 78 m dýpi niður í 98 m.

Ummyndun hraunlaganna er fremur væg, en setlögin eru samlimd. Lághitaleir og kalsedón eru algengustu steindirnar, og kalsít sést. Aðalatriði málsins er þó það, að holan sker þykka jarðhitasprungu á 116-117 m dýpi. Í henni er mikið af hvítu kalsedónlegu kvasi og pýriti. Um þessa æð hefur flætt mikið af jarðhitavatni, og samkvæmt hitamælingu er æð þessi enn lek.

Guðmundur Ó. Friðleifsson

NÁ EIGRI FJANLÆGJA